

Nettengd Biblía fyrir börn kynnir



Konan við
brunninn



Höfundur: Edward Hughes

Myndskreytingar: Lazarus

Aðlagað af: Ruth Klassen


Þýðandi: Þráinn Kristjánsson

Framleiðandi: Bible for Children
www.M1914.org


©2010 Bible for Children, Inc.
Skilmálar: Þér er heimilt að afrita eða prenta
þessa sögu, en ekki selja.



Jesús og lærisveinar hans voru á ferð um Samariú. Þeir komu til borgar sem heitir Síkar.




Þar var brunnur sem fólk ið í Síkar sótti drykkjarvatn sitt í. Jakob, forfaðir Ísraelsmanna, hafði grafið brunninn fyrir löngu síðan.



Eftirmiðdagurinn var sennilega sólríkur og heitur. Jesús settist þreytulegur niður við brunninn á meðan lærisveinarnir fóru til Síkar til matarkaupa.






Jesús var aleinn - en ekki lengi. Kona nokkur sem bjó í Síkar kom til að sækja vatn.


"Gefðu mér að drekka," sagði Jesús við hana.



Konan varð undrandi. "Hvernig má
það vera að þú sem ert
Gyðingur biðjir mig,
samverska konu,
um að gefa þér
að drekka?"
sagði hún.




Á þessum tímum
höfðu Gyðingar
engin samskipti
við Samverja!



Hún varð sennilega
ennþá meira
undrandi þegar
Jesús sagði,
"Ef þú vissir
hver ég er,
mundir þú
biðja mig um
lifandi vatn."



Konan sagði við
Jesú, "Herra,
þú hefur
ekkert til að
ausa með og
brunnurinn er
djúpur. Hvaðan
hefur þú þá þetta lifandi vatn? Ert
þú meiri en forfaðir okkar Jakob
var, sem gaf okkur brunninn...?"



"Hvern þann sem drekkur af þessu vatni mun þyrsta aftur," sagði Jesús við konuna. "Hvern þann sem drekkur af vatninu sem ég gef honum, mun aldrei þyrsta."




Vatnið sem ég gef, mun í honum
verða af vatnsbrunni
er af sprettur eilíft
líf." "Herra, gefðu
mér þetta vatn..."
sagði konan.




Jesús bað konuna að fara og kalla á mann sinn. "Ég á engan mann," svaraði konan. "Þú hefur verið gift fimm sinnum," sagði Jesús. "Og þú ert ekki gift manninum sem þú býrð með nú."




Konan gerði sér ljóst að Jesús var spámaður. Hún reyndi að fá hann til að rökræða hvort tilbiðja ætti Guð í Jerúsalem eða á fjallinu helga í Samaríu.




Jesús sagði að sannir tilbiðjendur
tilbæðu faðirinn í anda og í
sannleika.



"Ég veit að Messías er að koma,"
sagði konan við Jesú. "Þegar hann
kemur, mun hann kunngjöra okkur
allt." "Ég, sem tala til þín,
er hann," sagði Jesús.



Einmitt þá komu lærisveinarnir til baka. Konan skildi eftir dýrmæta skjólu sína við brunninn og snéri aftur til borgarinnar.



"Komið og sjáið
mann sem sagði
mér allt sem ég
hef gjört,"
tjáði konan
mönnunum
í Síkar.



"Gæti þetta
verið Kristur?"


Mennirnir
yfirgáfu
borgina til
að hitta
Jesú
sjálfir.




Á meðan buðu lærisveinarnir Jesú að borða, en Jesús sagði, "Minn matur er að gera vilja þess sem sendi mig og að ljúka verki hans." Verk hans var að leiða fólk til Guðs.




Margir Samverjanna trúðu á
Jesú vegna
vitnisburðar
konunnar.




Þeir buðu Jesú að
dvelja hjá
sér og hélt
hann til
hjá þeim í
tvo daga.




Margir fleiri tóku
trú er þeir
hlustuðu
á Jesú
sjálfan.



Þeir sögðu, "...við höfum
heyrt með
eigin eyrum
og erum
sannfærðir
um ...



... að þetta er
sjálfur
Kristur,
frelsari
heimsins."



Konan við Brunninn

Sögu þessa úr heilagri ritningu, biblíunni,

er að finna í

Jóhannesi 4

“Þegar orð þín ljúkast upp, ljóma þau.”

Sálmarnir 119:130



Endir



Þessi biblíusaga er um okkar dýrlega Guð,
sem skapaði okkur, og sem vill að þú
þekkir hann.

Guð veit að við höfum öll gert rangt, sem
hann kallar synd. Hegning syndarinnar er
dauði, en Guð elskar þig svo mikið, að hann
sendi sinn eina son, Jesú, til að deyja á
krossi í hegningarskini fyrir syndir þínar.
Svo vaknaði Jesús aftur til lífs, og fór heim
til himnaríkis. Ef þú trúir á Jesú, og biður
hann að fyrirgefa þér syndir þínar, þá
fyrirgefur hann þér tafarlaust, og kemur til
að lifa í þér, og þú með honum til eilíðar.



Ef þú trúir þessu, segðu þá
eftirfarandi til Guðs:

Kæri Jesús, ég trúi að þú sért Guð, sem
komst í líki manns til að deyja fyrir syndir
mínar, og komst svo aftur til lífs. Ég bið þig
að koma nú inní líf mitt og fyrirgefa mér
syndir mínar, svo ég geti byrjað nýtt líf, og
komið svo til að vera með þér í himnaríki.
Hjálpaðu mér að hlýðnast þér, og lifa fyrir
þig sem barn Guðs. Amen

Lestu biblíuna og talaðu við Guð á
hverjum degi!

